

## Framboð við kjör stjórnar á aðalfundi Síldarvinnslunnar hf. 31. mars 2022

Á dagskrá aðalfundarins í Síldarvinnslunni hf. 31. mars 2022 er kosning stjórnar í félaginu. Samkvæmt samþykktum félagsins er stjórnin skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara.

Frestur til að bjóða sig fram til stjórnar er nú runninn út og hafa eftirtalin boðið sig fram:

### Í aðalstjórn:

Anna Guðmundsdóttir, fjármálastjóri, kt. 130367-3729  
Baldur Már Helgason, framkvæmdastjóri, kt. 060376-3449  
Björk Þórarinsdóttir, fjármálastjóri, kt. 250264-4619  
Guðmundur R. Gíslason, framkvæmdastjóri, kt. 190270-2979  
Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri, kt. 071052-4359,

### Í varastjórn:

Arna Bryndís Baldvins McClure, lögfræðingur, kt. 020785-2689  
Ingi Jóhann Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kt. 120169-5729

Nánari upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins.

### **Anna Guðmundsdóttir, aðalstjórn**

Anna er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf., áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts ohf. frá 1998-2008. Anna er jafnframt framkvæmdastjóri Þingstaða ehf. Anna var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2013.

Anna situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Gjögurs hf., Íslenskra verðbréfa hf., Kallnesings ehf., Kjálkaness ehf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Lögmansstofu Jörundar Gaukssonar ehf. og StorMar ehf.

Anna er hluthafi í Kjálkanes ehf. sem á um 17,4 % hlut í Síldarvinnslunni hf. Anna á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Anna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa.

### **Baldur Már Helgason, aðalstjórn**

Baldur er með Cand.sci. próf í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands (2000) og með löggilt próf í verðbréfiðskiptum. Hann starfar sem framkvæmdastjóri verslunar, þjónustu- og viðskiptaþróunar hjá Reginn hf. Hann var framkvæmdastjóri Eyju fjárfestingarfélags (2017-2019). Fjárfestinga- og sjóðsstjóri hjá Auði Capital (2009-2016). Fjárfestinga- og lánastjóri hjá Íslandsbanka, m.a. í Bandaríkjunum og Danmörku (2000-2009). Hefur setið í stjórnnum hjá Skeljungji, Sýn, Securitas, Já, Íslenska Gámafélaginu og Domino's Íslandi og Noregi. Situr ekki í stjórnnum annarra félaga í dag. Baldur var fyrst kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2021.

Baldur á 17.241 hluti í Síldarvinnslunni hf.

Baldur telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

### ***Björk Þórarinsdóttir, aðalstjórn***

Björk er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og með löggilt próf í verðbréfamíðlun. Hún starfar í dag sem fjármálastjóri HS Orku hf. Hún var sérfræðingur og síðar fjármálastjóri Baxter International í Bandaríkjunum og Þýskalandi á árunum 1991-1996, fjármálastjóri símaframleiðandans Philips Consumer Communications í Frakklandi á árunum 1997-1998. Fjármálastjóri Silfurtúns á Íslandi og Silverton í Noregi árin 1998-2000. Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka hf. og forvera hans 2001-2016. Björk starfaði við ráðgjafa- og stjórnarstörf 2017-2020. Var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2013.

Björk situr jafnframt í stjórn Suðursala ehf.

Björk á ekki hlut í Síldarvinnslunni hf.

Björk telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

### ***Guðmundur R. Gíslason, aðalstjórn***

Guðmundur er B.ed. gráðu í kennsluvísindum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað, auk þess að vera framkvæmdastjóri Byggingarfélagssins Ness ehf. og Múlans samvinnuhúss ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Egilsbúðar í Neskaupstað, mannauðsstjóri ESS á Íslandi og framkvæmdastjóri Sjónaráss ehf. Sveitarstjórnarmaður í Neskaupstað og Fjarðabyggð 1990 – 2010 og forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar frá 2006-2010. Var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2016.

Guðmundur situr jafnframt í stjórnnum eftirtalinna félaga: B.G Bros ehf., Bæjarins okkar (félagasamtök), Byggingarfélagssins Ness ehf., Múlinn samvinnuhús ehf., Hafnarbrautar 2 ehf., Ís-Travel Austurland ehf., SVN eignafélags, Seleyjar ehf, Krabbameinsfélags Austfjarða og Rekstrarfélagssins Molans, (félagasamtök).

Guðmundur er, eins og áður hefur komið fram, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað sem eiga samtals um 11,81% hlut í Síldarvinnslunni. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Guðmundur telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

### ***Þorsteinn Már Baldvinsson, aðalstjórn***

Þorsteinn er með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Høgskole. Þorsteinn er stofnandi og forstjóri Samherja hf. og hefur gegnt því starfi frá árinu 1983. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri Ice-Tech ehf., Samherja Íslands ehf., Útgerðarfélagssins Akureyringa ehf., Kaldbaks ehf., Samherja Holding ehf., Sæbóls fjárfestingarfélagssins ehf. og Fjárfestingarfélagssins Fjarðar ehf. Var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2003.

Þorsteinn situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: 600 Eignarhaldsfélags ehf., AO3 ehf., Barðstúns ehf., Eignarhaldsfélagsins Steins ehf., Fjárfestingarfélagssins Fjarðar ehf., Ice-Tech ehf., Kattarnefs ehf., Krossaness ehf., Oddeyrar ehf., Rífs ehf., Samherjasjóðssins ehf., Siguraflls ehf., Snæfells ehf., Seleyjar ehf.

Þorsteinn er forstjóri Samherja hf. sem á um 32,6% hlut í Síldarvinnslunni hf. Þorsteinn á 0,87% eignarhlut í Samherja hf í gegnum Eignarhaldsfélagið Stein ehf.

Hann á 1.000.000 hluti í Síldarvinnslunni hf.

Þorsteinn telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa.

## Frambjóðendur í varastjórn

### ***Arna Bryndís Baldvins McClure, varastjórn***

Arna er með ML-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og starfar í dag sem lögmaður hjá Samherja hf. Hún starfaði hjá LEX lögmannsstofu frá 2010-2013. Var fyrst kjörin í varastjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2013.

Arna situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Avena ehf., Emerald Invest ehf., H5 ehf., Hölds ehf., Hólmdrangs ehf., Omnia Invest ehf. og Svöluþjarnar ehf.

Arna er lögmaður hjá Samherja hf. sem á um 32,6% hlut í Síldarvinnslunni hf.

Hún á 15.000 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Arna telst óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa.

### ***Ingi Jóhann Guðmundsson, aðalstjórn***

Ingi er Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða ehf. frá 1995-2000. Var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2001.

Ingi situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Ísfélags Grindavíkur ehf., K.R.- sport hf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Sjóvá-Almennra trygginga hf, SVN eignarfélags ehf., Norðurböð ehf., Jarðböðin ehf., Seleyjar ehf., Pharmarctica ehf. og StorMar ehf.

Ingi er hluthafi í Kjálkanesi ehf. sem á 17,4 % hlut í Síldarvinnslunni hf. Ingi á 22 % eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Ingi er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.